

Ed.

139. Frumvarp til laga

[87. mál]

um breyting á lögum nr. 29 26. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Fyrri málslíður 5. gr. laganna orðist svo:

Fógeti framkvæmir lögtak, þó má hreppstjóri gera lögtak í sveitum, þegar skuldin ekki nemur meiru en 10 þúsund krónum.

2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætast nýjar málsgreinar svo hljóðandi:

Þá er heimtir skulu í kaupstöðunum skattar þeir og gjöld, er um ræðir í 2. málslíðu 4. gr., getur fógeti ákveðið að byrja gerðina í skrifstofu sinni, enda tilkynni hann skuldara í ábyrgðarbréfi eða á annan jafn tryggilegan hátt, hvenær gerðin á að fara fram og skori á hann að mæta við gerðina, og er nægilegt, að sú tilkynning sé send til eða birt á því heimili gerðarþola, sem síðast er skráð í manntal. Mæti gerðarþoli þá ekki, og hafi hann eigi tilkynnt lögleg forföll, skal lögreglan eftir beiðni fógeta hafa uppi á gerðarþola og sjá um, að hann mæti hjá fógeta.

Eigi þarf nema einn vott við lögtaksgerðir, er fógeti framkvæmir, en kveðja má hann til sérfróða virðingarmenn, ef hann telur þess þörf.

Nú á gerðarþoli inneignir í bönkum eða sparissjóðum, og þarf gerðarbeiðandi þá ekki að sætta sig við, að bent sé á aðrar eignir til lögtaks, að því leyti sem inneignir þessar hrökkva til greiðslu á kröfunni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34 7. maí 1928.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Opinber gjaldheimta hefur vaxið gífurlega að undanfögnu og fer vaxandi, bæði að því er snertir tölu gjalda og upphæð. Af þessum sökum, svo og vegna þverrandi gjaldgetu, fer tala lögtaka, er gera þarf fyrir opinberum gjöldum, ört vaxandi. Eigi að tryggja greiðslu gjaldanna með nægilegum hraða, þarf til þess æ fleiri menn, bæði lögtaksfulltrúa og votta, og horfir hér til mikils kostnaðarauka fyrir ríkissjóð og bæjarfélögin. Er því nauðsynlegt, að gerðar séu breytingar á lögtakslögunum, sem gera framkvæmd lögtakanna auðveldari og einfaldari, án þess að draga úr öryggi gjaldendanna. Miðar frumvarp þetta í þá átt.

Um einstök atriði frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Í 5. gr. laga nr. 29 frá 1885 var hreppstjóra heimilað að gera lögtak í sveitum, ef skuldin nam ekki meiru en kr. 50.00. Með lögum nr. 34 frá 1928 var hámark þetta hækkað upp í kr. 1000.00. Hámark þetta er nú orðið allt of lágt, bæði vegna hækkaðra gjalda og lækkaðs peningagildis. Þykir fráleitt að auka gjaldendum og hinu opinbera kostnað með því að fógetar þurfi að takast langar ferðir á hendur til að gera lögtak fyrir almennum sköttum, sem nú skipta iðulega þúsundum. Er því lagt til, að hámarkið verði hækkað upp í 10 þúsund krónur. Er réttur þeirra; sem lögtak er gert hjá, á engan hátt skertur með þessu, því ef krafan er umdeild og mótmæli koma fram, ber að leggja þau undir úrskurð fógeta, shr. 9. gr. lögtakslaganna. Engin ástæða virðist heldur vera til þess, að hreppstjórum verði framvegis meinað að gera lögtak í fasteign.

Um 1. mgr. 2. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum, shr. 1. mgr. 7. gr. lögtakslaganna og 2. mgr. 33. gr. aðfararlaganna, skal lögtak að jafnaði hefja á heimili gerðarþola, nema þegar fógeta þykir eftir atvikum vera ástæða til út af að bregða, en þeirra frávika gætir lítið. Afleiðingin af þessu er sú, að er fógeti hefur fengið beiðni um lögtak hjá ákveðnum aðila, verður hann að byrja á því að leita uppi heimili hans, en það getur oft orðið mjög tafsamt. Þegar á heimilið er komið, er gerðarþoli oft og jafnvel venjulega ekki heima sjálfur, þar sem lögtök eru almennt gerð í vinnutíma manna. Sé um einhleypan mann að ræða, verður oft ekki komið inn í íbúð hans, nema að brjóta hana upp. Þó það sé gert, er fógeti jafnvel engu nær, þar eð hann veit ekki, hver á eignir þær, er finnast kunna í hóbýlum skuldarans. Verður þá afleiðingin oftast sú, að fógeti fer í bíl með votta til að leita gerðarþola uppi, þar sem hans er helzt von, sem iðulega tekur langan tíma og jafnvel tekst ekki. Þótt gerðarþoli húi með fjölskyldu sinni og einhverjir séu staddir á heimili hans, er fógeti kemur, er lögtak oft óframkvæmanlegt, nema unnt sé að ná til gerðarþola sjálfs, og getur það tekið langan tíma og valdið töfum og drætti. Auk þeirrar fyrirhafnar og dráttar, sem þetta hefur í för með sér, er oft svo ástatt, að gerðarþola, en þó einkum konu hans og fjölskyldu, er gerður stór óleikur með heimsókn fógeta.

Með ákvæði því, sem hér um ræðir, er ætlað til, að á þessu verði gagnger breyting. Samkv. því er heimilað og gert ráð fyrir, að lögtaksgerðir hefjist almennt í

skrifstofu fógeta, og gerðarþoli verði með einfaldri kvaðningu eða á annan hátt kvaddur til að mæta við gerðina. Getur oft svo farið, að hægt sé að ljúka gerðinni í skrifstofunni og spara megi gerðarþola allar heimsóknir, nema fara þurfi á heimili hans eða vinnustöð til að virða muni, og er gerðarþoli þá venjulega sjálfur í för með fógeta. Gegni gerðarþoli eigi þeirri skyldu sinni að mæta samkv. kvaðningu fógeta, þykir sjálfsagt, að lögreglan hafi upp á honum og fái hann til að mæta, en það getur fógeti látið lögregluna gera samkv. nógildandi lögum, hafi hann áður byrjað gerðina á heimili skuldara.

Þessi breyting hlýtur að hafa verulegan sparnað í för með sér fyrir innheimtuna og kemur skuldaranum þar að auki oft betur en sú aðferð, sem nú er höfð. Auk þess eru líkur til, að betri upplýsingar fáiast um fjárhag gerðarþola, og þar af leiðandi betri árangur af gerðinni. Þessi aðferð er fyrir löngu upp tekin í nágrannalöndunum, t. d. Danmörku, og eru lögtök þó framkvæmd þar í stórum stíl af ólög-lærðum lögtaksmönnum (Pantefogeder).

Um 2. mgr. 2. gr.

Samkvæmt nógildandi lögum er ætlað til, að tveir vottar séu til aðstoðar fógeta við hverja lögtaksgerð. Er það oft óþarfa eyðsla og getur jafnvel verið til boga. Réttara þykir, að fógeti þurfi ekki nema einn vott með sér, en að hann kveðji til sérfróða virðingamenn, sé um vandasamar virðingar að ræða.

Um 3. mgr. 2. gr.

Þegar gerðarþoli á inneignir í bönkum eða sparisjóðum, þykir fráleitt, að hann geti dregið þær undan lögtakinu, en vísi í þeirra stað á muni, sem selja verður við uppboð og e. t. v. eru vafasamir að verðmæti.

Um 3. gr.

Greinin þarf ekki skýringar við að öðru leyti en því, að er hámark það, sem un ræðir í 1. gr. frumvarpsins, er hækkað, ber að afnema lög nr. 34 frá 1928, um hina fyrri hækkun þess.